

Starfsmannastefna Landsvirkjunar

1. Lýsing

Landsvirkjun er ábyrgt fyrirtæki sem starfar í anda sjálfbærrar þróunar. Lögð er áhersla á að hæfileikar og frumkvæði starfsmanna nýtist sem best. Meginstefna Landsvirkjunar í mannauðsmálum byggir á gagnkvæmu trausti, tillitssemi og virðingu milli fyrirtækisins og starfsmanna og starfsmanna sín í milli.

2. Stjórnunarhættir

Landsvirkjun sýnir gott viðskiptasiðferði og axlar ábyrgð á öllum gjörðum sínum. Sífellt er unnið að því að bæta frammistöðu og tekið er tillit til umhverfis, félagslegra og efnahagslegra þátta. Stjórnendur tileinka sér nútímalega stjórnunarhætti sem m.a. felast í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna og virku upplýsingastreymi.

3. Starfsumhverfi

Landsvirkjun vill vera eftirsóttur vinnustaður þar sem aðbúnaður og aðstaða er eins og best verður á kosið. Áhersla er lögð á heilsuvernd starfsmanna með reglubundnu heilsufarseftirliti og stuðningi til að efla heilsu og vellíðan. Vinnuumhverfi skal vera öruggt og heilsusamlegt eins og kostur er. Einelti, fordómar og kynferðisleg áreitni er ekki liðin innan fyrirtækisins.

4. Ráðningar

Landsvirkjun leggur áherslu á að fá til liðs við sig öflugt og traust starfsfólk með fjölbreytilegan bakgrunn. Hverju sinni er tekið mið af reynslu, menntun, og hæfni umsækjenda til að takast á við starfið. Allir sem hefja störf fá fræðslu um starfsemina svo og markvissa starfsþjálfun.

5. Starfsþróun og fræðsla

Starfsfólk Landsvirkjunar er hvatt til að þróast og vaxa í starfi m.a. með öflugum fræðslustarfi og starfsmannasamtölum. Starfsþróun er á ábyrgð starfsmanns og stjórnanda.

6. Starfsandi

Landsvirkjun leggur áherslu á góðan starfsanda á vinnustað og að starfsmenn ræki starf sitt af alúð og samviskusemi og sýni jákvætt viðmót og gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum. Áhersla er lögð á opin skoðanaskipti og góða miðlun upplýsinga. Landsvirkjun styður við félagsstarf innan fyrirtækisins og stuðlar þannig að auknum tengslum milli starfsmanna í ólíkum einingum.

7. Jafnrétti

Landsvirkjun gætir fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla. Hver starfsmaður er metinn á eigin forsendum.

8. Samræming vinnu og einkalífs

Leitast er við að gera starfsmönnum kleift að samræma starfskyldur sínar og fjölskylduábyrgð með gagnkvæmum sveigjanleika í vinnutíma eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið. Sama gildir ef um heilsubrest er að ræða eða í aðdraganda starfsloka.

9. Upplýsinga- og þekkingarmiðlun

Til að sinna verkefnum sínum vel þurfa starfsmenn að hafa greiðan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum. Fyrirtækið leggur áherslu á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna og að þeir miðli af þekkingu sinni til samstarfsmanna. Starfsmenn skulu gæta þagmælsku um trúnaðarupplýsingar sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og undirrita trúnaðaryfirlýsingu þar að lútandi.